



# Leiðbeiningar varðandi umsókn um doktorsnám við Háskólann á Akureyri

[15. nóvember 2018]

## ALMENNT

Umsækjandi skal fylla út umsóknina í samvinnu við fyrirhugaðan aðalleiðbeinanda (umsjónarkennara) og skulu umsækjandi og fyrirhugaður aðalleiðbeinandi staðfesta umsóknina með undirritun.

Umsóknargögnum skal skilað rafrænt á pdf-formi. Nota skal rafrænt umsóknareyðublað á vef Háskólans á Akureyri.

Umsóknin má vera á íslensku eða ensku. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan sex vikna frá því að hún berst.

Háskólinn á Akureyri hefur heimild að bjóða upp á doktorsnám í eftirfarandi undirflokkum heilbrigðisvísinda, hug- og félagsvísinda og viðskipta- og raunvísinda:

- hjúkrunarfræði
- líftækni
- sjávarútvegs- og fiskeldisfræði
- viðskiptafræði
- lögfræði
- félagsfræði

Grunnskilyrði fyrir umsókn er að umsækjandi geri grein fyrir fjármögnun fyrirfram, t.d. launaðri stöðu innan verkefnis, til þess tíma sem doktorsnám stendur.

Mælt er með að umsækjandi hafi samband við miðstöð doktorsnáms við gerð umsóknar.

Verðandi doktorsnema er bent á tvískipt hlutverk doktorsnema gagnvart háskólanum: (a) umsókn í doktorsnám varðar skráningu sem nemandi við háskólann, en (b) umsókn í starf við tiltekið rannsóknarverkefni varðar stöðu umsækjanda sem starfsmaður í þessu tiltekna verkefni.

## UMSÓKNARGÖGN

Umsóknin skiptist í tvo meginhluta, þ.e. **doktorsnámsumsókn** (eyðublað) og **rannsóknaráætlun**. Þar að auki eru nokkur fylgiskjöl.

**Doktorsnámsumsóknin** (eyðublað) lýsir áformum umsækjanda varðandi sjálft námið.

**Rannsóknaráætlunin** lýsir fyrirhugaðri virkni umsækjanda í þeim rannsóknum sem ætlast er til að séu undirstaða doktorsritgerðar umsækjanda. Áætlun þessi þarf að vera á ensku.

Ekki er tekið við umsóknum nema aðalleiðbeinandi sé tilgreindur og umsækjandi verður að hafa aflað samþykkis viðkomandi. Aðalleiðbeinandi skal að öllu jöfnu vera fastráðinn kennari við Háskólann á Akureyri. Ef ekki, þarf að rökstyðja það sérstaklega og tilgreina tengilið við Háskólann á Akureyri (sbr 9. gr. reglna nr 701/2018).

Fullgild umsókn samanstendur af eftirfarandi gögnum sem öllum þarf að skila með rafrænum hætti:

- Meginmál umsóknar er útfyllt og undirritað **eyðublað** sem inniheldur helstu upplýsingar um umsækjandann og rannsóknarverkefnið, rökstuddar tillögur að aðalleiðbeinanda, meðleiðbeinendum og námskeiðum í doktorsnámi, stutta lýsingu á rannsóknarverkefninu, yfirlit yfir kostnaðar- og tímaáætlun, ásamt áhættumati, og upplýsingar um námsdöl erlendis og hvort rannsóknarverkefnið verði jafnframt unnið við aðra háskóla eða stofnanir.
- Umfangsmesti hluti umsóknar er **rannsóknaráætlun** umsækjanda sem lýsir því rannsóknarverkefni sem hann ætlar sér að vinna innan ramma doktorsnáms (sbr. leiðbeiningu neðar í þessum texta).

Að auki eru tiltekin fylgiskjöl:

- **Ferilskrá** (CV) umsækjanda.
- Staðfest **afrit af prófskírteinum** (BS/BA og MS/MA eða sambærileg próf) en mælt er með að skila prófskírteinum ásamt öllum viðaukum („diploma supplement“).
- Staðfestingar á **námskeiðum á doktorsstigi** (ef við á).
- Skrá yfir **ritrýnd og óritrýnd verk** umsækjanda.
- Afrit af **leyfum** fyrir rannsókn ef við á (t.d. leyfi siðanefndar).
- Staðfesting á **enskukunnáttu** umsækjanda (t.d. TOEFL).
- **Ferilskrár** (CV) allra fyrirhugaðra **leiðbeinenda** (þ.m.t. skrá yfir ritrýnd verk ásamt yfirliti um reynslu við leiðsögn meistara- og doktorsnema).
- Önnur gögn sem geta átt við, t.d. ítarleg fjárhagsáætlun.

Á næstu blaðsíðum eru leiðbeiningar sem varða einstök atriði á umsóknareyðublaðinu.

## EYÐUBLAÐ: UMSÆKJANDI

netfang	Netfang þar sem hægt er að ná í umsækjanda þegar umsókninni er svarað eða t.d. ef þarf að bæta við gögnum.
þjóðerni	Þjóðerni umsækjanda skiptir í sjálfu sér ekki máli fyrir inntöku í námið. Hins vegar getur það skipt máli fyrir dvöl á landinu á meðan námið stendur yfir (sbr. „dvalarleyfi“ neðar).
dvalarleyfi (ef við á)	Umsækjandi þarf að gera grein fyrir því hvort hann hefur leyfi til dvalar á landinu á meðan námið stendur yfir.
áætlað upphaf náms (misseri/ár)	Leyfilegt er að hefja nám hvenær sem er á háskólaárinu. Hins vegar getur þurft að taka tillit til styrkja eða annarra þátta sem geta haft áhrif á framvindu námsins.
áætluð námslok (misseri/ár)	Að jafnaði er hámarks námstími í fullu námi fjögur ár.
nöfn og netföng tveggja meðmælenda	Háskólinn sendir meðmælendum bréf með spurningum sem þarf að svara innan þess tíma sem doktorsnámsráð fjallar um umsóknina. Meðmælendur þurfa að vera ótengdir aðilar.

## EYÐUBLAÐ: ALMENN INNTÖKUSKILYRÐI

meistaragráða (ár, háskóli, fræðasvið)	Fyrri nám umsækjanda er í lykilhlutverki þegar doktorsnámsráð metur hæfi til doktorsnáms. Doktorsnám getur verið á sama fræðasviði og meistaranám en það er ekki skilyrði. Hins vegar þarf að sýna fram á að umsækjandi sé hæfur til að stunda doktorsnám á því sviði sem hann hyggst velja.
lokaeinkunn á meistaraprófi	Samkvæmt 6. gr. reglna HA um doktorsnám er inntökuskilyrði meistara- eða kandidatspróf með a.m.k. fyrstu einkunn, þ.e. lágmarkseinkunn telst vera 7,25.

umfang meistaraverkefnis (ECTS)	Lágmarksfjöldi eininga í meistaraverkefni er 30 ECTS.
sambærilegt próf, ef umsækjandi hefur <u>ekki</u> lokið meistaraprófi (prófheiti, ár, háskóli, fræðasvið, ECTS)	Umsækjandi getur verið með annað lokapróf af háskólaprepi 2 en meistarapróf (sbr 6. gr. reglna um doktorsnám). Þá þarf doktorsnámsráð hins vegar að meta gildi þess prófs.
umfang lokaverkefnis ef <u>ekki</u> meistaraverkefni (ECTS)	Lágmarksfjöldi eininga í slíku verkefni er 30 ECTS.
rökstuðningur fyrir því að telja skuli prófið sambærilegt meistaragráðu (hámark 100 orð)	Til þess að doktorsnámsráð geti metið gildi námsins þarf umsækjandi að færa rök fyrir því hvers vegna meta beri þetta tiltekna próf sem sambærilegt meistaragráðu í þessu tiltekna samhengi.
enskukunnátta vottuð með TOEFL eða sambærilegu (ár, stig)	Miðað er við lágmarksstig við leiðandi háskóla í enskumælandi löndum.
enskukunnátta vottuð með lokaritgerð (rökstuðningur)	Samkvæmt 6. gr. reglna HA um doktorsnám getur umsækjandi lagt fram aðra staðfestingu á enskukunnáttu en TOEFL. Doktorsnámsráð getur t.d. metið meistararitgerð í enskumælandi meistaránámi sem sambærilega vottun.

## DOKTORSVERKEFNI OG FRÆÐASVIÐ (EYÐUBLAÐ)

fyrirhugað fræðasvið verkefnis (með rökstuðningi)	<p>Háskólinn á Akureyri hefur heimild að bjóða upp á doktorsnám í eftirfarandi undirflokkum heilbrigðisvísinda, hug- og félagsvísinda og viðskipta- og raunvísinda:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— hjúkrunarfræði</li> <li>— líftækni</li> <li>— sjávarútvegs- og fiskeldisfræði</li> <li>— viðskiptafræði</li> <li>— lögfræði</li> <li>— félagsfræði</li> </ul> <p>Doktorsverkefni geta oft verið þverfræðileg í eðli sínu. Færa þarf rök fyrir því hvers vegna þetta tiltekna verkefni heyrir undir tiltekið fræðasvið og tiltekinn undirflokk. Telst það æskilegt að fyrirhugaður aðalleiðbeinandi umsækjanda sé virkur á því fræðasviði og í þeim undirflokki.</p>
---	--

<p>ágríp (hámark 200 orð) lykilorð (hámark 5 orð)</p>	<p>Rannsóknarverkefnið í hnotskurn. Samsvarandi upplýsingar – og mun fleiri – verða einnig í rannsóknaráætluninni en ágríp þetta á að gefa heildstæða mynd af rannsóknarverkefninu.</p> <p>Ágríp og lykilorð þurfa að vera bæði á ensku og íslensku.</p>
<p>ef doktorsverkefnið verður unnið við aðra stofnun en HA</p>	<p>Leyfilegt er að vinna við doktorsverkefni fari fram við aðra háskóla, stofnanir eða fyrirtæki en Háskólann á Akureyri. Þá þarf að gera grein fyrir þessu fyrirkomulagi og færa rök fyrir því að þessi lausn sé í þágu fyrirhugaðs doktorsnema.</p>

## EYÐUBLAÐ: NÁMS- OG TÍMAÁÆTLUN

### staða þekkingar umsækjanda á sviði doktorsverkefnis

	<p>Doktorsnefnd getur falið doktorsnema að sækja ákveðin námskeið, málstofur og lesnámskeið til að styðja við doktorsverkefnið. Námskeiðin skulu vera á doktorsstigi og við viðurkennda háskóla (sbr. 12.gr. reglna).</p> <p>Til þess að geta metið hvers konar og hversu mörgum námskeiðum umsækjandi verður að ljúka til að ná viðeigandi þekkingu (t.d. í aðferðafræði) þarf að gera grein fyrir stöðu núverandi þekkingar umsækjanda á sviði doktorsverkefnisins.</p>
<p>námskrá í meistaranámi, stutt lýsing (hámark 100 orð)</p>	<p>Með námskrá meistaranáms umsækjanda er hægt að sýna fram á grunnþekkingu á fræðasviði doktorsverkefnisins.</p>
<p>rökstuðningur fyrir því hversu vel doktorsnámið byggir á meistaranáminu (hámark 60 orð)</p>	<p>Fari umsækjandi t.d. af einu fræðasviði yfir á annað þarf að færa rök fyrir því hversu vel þekking hans úr meistaranámi nýtist.</p>
<p>fyrirhuguð námskeið á <u>meistarastigi</u>, ef við á (heiti/viðfangsefni, ECTS)</p>	<p>Ef meistaranám umsækjanda er ekki á fræðasviði doktorsverkefnisins getur komið til greina að ljúka tilteknum námskeiðum á meistarastigi til þess að ná lágmarksþekkingu, t.d. í aðferðafræði á því sviði. Þau námskeið geta þá verið á meistarastigi en verða, eðli sínu samkvæmt, ekki einingarbær í doktorsnámi. Hins vegar þarf að taka tillit til þessa í gerð tímaáætlunar.</p>

rökstuðningur fyrir því að ljúka þurfi þessum námskeiðum á <u>meistarastigi</u> fyrir doktorsnám	Rökstyðja þarf hvers vegna umsækjandi telur sig hæfan til að sækja um doktorsnám að þessum tilteknum námskeiðum loknum og hvernig honum muni takast að ljúka þeim innan tímaramma doktorsnámsins.
námskeið á <u>doktorsstigi</u> sem þegar er lokið (heiti, háskóli, dagsetning, einkunn, ECTS)	Hafi umsækjandi þegar stundað doktorsnám við annan háskóla eða á öðru fræðasviði hefur hann e.t.v. lokið einstökum námskeiðum á doktorsstigi. Lýsa þarf þeim námskeiðum út frá sjónarhorni fyrirhugaðs doktorsverkefnis.
rökstuðningur fyrir því hvernig þessi námskeið nýtist í fyrirhuguðu doktorsnámi við HA (hámark 60 orð)	Vilji umsækjandi nota fyrri námskeið á doktorsstigi sem hluta af fyrirhuguðu doktorsnámi sínu þarf hann að færa rök fyrir því. Doktorsnámsráð metur gildi þessara námskeiða út frá lýsingunni, skriflegum staðfestingum um þátttöku og rökstuðningi umsækjanda.
fyrirhuguð námskeið á <u>doktorsstigi</u> samtals 0–60 ECTS (heiti/viðfangsefni, ECTS)	Listi yfir fyrirhuguð námskeið á doktorsstigi, t.d. við erlendan háskóla (sbr. „dvöl erlendis“), eða lýsing á þeim viðfangsefnum sem umsækjandi telur sig þurfa að stunda sem hluta af doktorsnáminu.
rökstuðningur fyrir því hvernig þessi námskeið nýtast í fyrirhuguðu doktorsnámi við HA (hámark 60 orð)	Færa þarf rök fyrir því hvers vegna umsækjandi telur sig þurfa á þessum námskeiðum að halda með hliðsjón af doktorsverkefninu.
önnur sérþekking á sviði doktorsverkefnisins sem telja má til ECTS (lýsing, notið viðhengi ef við á)	Hafi umsækjandi t.d. unnið til lengri tíma á rannsóknarstofu í rannsóknum sem tengjast sviði doktorsverkefnisins getur hann farið fram á að sú þekking sem hann hefur öðlast, t.d. í aðferðafræði, verið talin til námseininga (ECTS).
rökstuðningur fyrir því að núverandi þekking nemanda sé nægileg og að ekki sé talin þörf á námskeiðum (hámark 100 orð)	Í 5. gr. reglna HA um doktorsnám er gert ráð fyrir að umfang námskeiða á doktorsstigi skuli vera 0–60 ECTS.
<b>TÍMAÁÆTLUN DOKTORSNÁMS</b>	
áætluð námslok (ár / misseri)	Skv. 5. gr. reglna HA um doktorsnám er hámarks námstími í fullu námi fjögur ár.
fyrirhuguð dvöl erlendis (staður, tímasetning, tengiliður, tilgangur dvalar; hámark 60 orð)	Ætlast er til að allir doktorsnemar dvelji um skeið við erlenda háskóla. Gera þarf grein fyrir því hvaða háskóla og tímabil. Heildardvöl á að vera að lágmarki sex mánuði. Tilgangur dvalar getur t.d. verið námskeið eða

	vinna í rannsóknarteymi erlendis. (Ef um námskeið er að ræða þarf að gæta samræmis við „námskeið“ í þessari umsókn).
heildarlýsing á doktorsnámsferlinu ásamt vörðum (hámark 100 orð)	Lýsing og tímasetning á helstu vörðum í doktorsnáminu, t.d. í formi gantt-línurits. Gerð er grein fyrir helstu þáttum verkefnisins, svo sem námskeiðum, dvöl erlendis, gagnasöfnun, gagnaúrvinnslu, birtingum, raðstefnum, og áfangamati. Samkvæmt 10. gr. reglna um doktorsnám við HA heldur doktorsnámsráð skrá yfir námsferil doktorsnema. Þessi tímaáætlun verður grunnur þeirrar skrár. Um miðbik námsins skal doktorsnemi óska eftir áfangamati (sbr 14. gr. reglna um doktorsnám).

## EYÐUBLAÐ: FJÁRHAGSÁÆTLUN DOKTORSNÁMS OG -VERKEFNIS ÁSAMT ÁHÆTTUMATI

### KOSTNAÐARÁÆTLUN DOKTORSNÁMS OG -VERKEFNIS

Samkvæmt 7. gr. reglna HA um doktorsnám skal umsækjandi leggja fram upplýsingar sem gerir doktorsnámsráði kleift að meta hvort fjárhagslegur grundvöllur sé til staðar vegna doktorsverkefnisins og að viðunandi aðbúnaður sé fyrir hendi. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður vegna doktorsverkefnis verði á bilinu 20–50 milljónir ISK á fjórum árum.

#### laun doktorsnema

Háskólinn notar viðmið RANNÍS sem grundvöll fyrir mat á launakostnaði doktorsnema í fullu námi. Árið 2019 er gert ráð fyrir 444.000 ISK heildarkostnaði (með launatengdum gjöldum), sem er 21 milljón ISK á fjórum árum. Starfi doktorsnemi á vegum rannsóknarverkefnis sem styrkt er af hálfu RANNÍS eða af sambærilegum aðila telst þetta lágmarksviðmið.

Verði umsækjandi ekki starfsmaður háskólans (t.d. innan RANNÍS-verkefnis) þarf að gera grein fyrir því

#### húsnæði

Starfi doktorsneminn á háskólasvæðinu gæti t.d. þurft að gera ráð fyrir 500.000 ISK leigu á skrifstofu á ársgrundvelli. Heildarkostnaður á fjórum árum yrði þá 2 milljónir ISK að verðlagi 2019.

dvöl erlendis	Kostnaður er mismunandi eftir löndum og borgum. Starfi doktorsnemi á vegum rannsóknarverkefnis sem styrkt er af hálfu RANNÍS eða af sambærilegum aðila er gert ráð fyrir að verkefnið hafi sótt um fjármagn í þennan lið. Einnig er hægt að sækja um ferðastyrki, t.d. í gegnum ERASMUS.
gagnavinnsla	Kostnaður er mismunandi eftir viðfangsefni verkefnisins. (Starfi doktorsnemi á vegum rannsóknarverkefnis sem styrkt er af hálfu RANNÍS eða af sambærilegum aðila er gert ráð fyrir að verkefnið hafi sótt um fjármagn í þennan lið.)
ráðstefnur	Gert er ráð fyrir að doktorsnemi verði virkur þátttakandi á ráðstefnum bæði erlendis og í heimalandinu. (Starfi doktorsnemi á vegum rannsóknarverkefnis sem styrkt er af hálfu RANNÍS eða af sambærilegum aðila er gert ráð fyrir að verkefnið hafi sótt um fjármagn í þennan lið.)
aðkeypt þjónusta	Hafi verkefnið þörf fyrir aðkeypta þjónustu þarf að gera grein fyrir þeim kostnaði. Hér má nefna sem dæmi gagnaúrvinnslu (t.d. efnagreiningu eða tölfræðiasaðstoð), þýðingar, tæknaaðstoð við upptökur eða aðstoð túlks.
kostnaður samtals	Að verðlagi 2019 er gert ráð fyrir heildarkostnaði á bilinu 20–50 milljónir á fjórum árum.
<b>ÁHÆTTUMAT – VIÐBRAGÐSÁÆTLUN</b>	
helstu áhættuþættir og fyrirhuguð viðbrögð	<p>Greining á helstu áhættuþáttum í námsumhverfinu sem valdið geta því að markmið með náminu næst ekki.</p> <p>Hafi umsækjandi ekki fjármögnun til fulls þarf hann að gera grein fyrir hvernig skuli farið með þá áhættu.</p> <p>Ef sótt er um hlutanám þarf einkum að gera grein fyrir samfellu gagnvart breytingum í rannsóknarumhverfinu og starfsliði háskólans á því tímabili.</p>



## EYÐUBLAÐ: TILLAGA UM LEIÐBEINENDUR OG DOKTORSNEFND

### FYRIRHUGUÐ DOKTORSNEFND

Í doktorsnefnd hvers doktorsnema situr aðalleiðbeinandi ásamt þrem meðleiðbeinendum, að jafnaði, sem doktorsnámsráð skipar og skal að lágmarki einn meðleiðbeinenda starfa utan Háskólans á Akureyri.

Ferilskrár allra leiðbeinenda skulu fylgja með umsókninni.

Umsækjandi verður að hafa aflað samþykkis viðkomandi.

<p>nafn og akademísk staða aðalleiðbeinanda</p>	<p>Samkvæmt 9. gr reglna HA um doktorsnám skal aðalleiðbeinandi hafa akademískt hæfi og að jafnaði vera fastráðinn akademískur starfsmaður Háskólans á Akureyri. Heimilt er með samþykkt doktorsnámsráðs að doktorsnemi hafi utanaðkomandi aðalleiðbeinanda en þá skal einn af meðleiðbeinendum vera fastráðinn starfsmaður Háskólans á Akureyri.</p>
<p>nöfn og staða 1.–4. meðleiðbeinenda</p>	<p>Skv. 9. gr. reglna eru meðleiðbeinendur að jafnaði þrír en að lágmarki einn þeirra skal vera utanaðkomandi aðili.</p>
<p>lýsing á samsetningu doktorsnefndar og hlutverkaskiptingu milli aðalleiðbeinanda og annarra leiðbeinenda (hámark 200 orð)</p> <p>rökstuðningur fyrir tillögu að doktorsnefnd (hámark 100 orð)</p>	<p>Doktorsnefndin sem heild ber ábyrgð á því að viðkomandi doktorsnám samrýmist viðeigandi lærdómsviðmiðum og kröfum. Leiðbeinendur þurfa einnig að fylgjast með og stuðla að virkri þátttöku doktorsnemans í fræðasamfélaginu bæði innan háskólans og alþjóðlega.</p> <p>Þar sem doktorsnám við Háskólann á Akureyri er verkefnaþing er ráðlegt að velja leiðbeinendur í doktorsnefnd á grundvelli þekkingar þeirra á mismunandi þáttum viðfangsefnis doktorsefnisins og þeirrar aðferðafræði og nálgunar sem umsækjandi hefur valið.</p> <p>Skv. 9. gr. reglna skulu leiðbeinendur hafa lokið doktorsprófi á sviði tengdu doktorsverkefni umsækjanda, vera virkir sérfræðingar á því sviði og hafa birt ritrýnt efni sem tengist verkefni og fræðasviði umsækjanda. Þeir skulu vera í virku rannsóknarsamstarfi við innlent og aljóðlegt fræðasamfélag.</p> <p>Þegar meðleiðbeinendur eru valdir í doktorsnefnd á einnig að hafa í huga hvernig þessir tilteknu einstaklingar vinna saman sem ein heild, t.d. hvernig þeir ná að funda saman og geta haft samfellt samband hver við annan og við doktorsnemann.</p>

<b>REYNSLA OG HÆFI FYRIRHUGAÐS AÐALLEIÐBEINANDA</b>	
<p>Ekki er tekið við umsóknum nema aðalleiðbeinandi sé tilgreindur og umsækjandi verður að hafa aflað samþykkis viðkomandi. Aðalleiðbeinandi skal að öllu jöfnu vera fastráðinn akademískur starfsmaður við Háskólann á Akureyri. Ef ekki, þarf að rökstyðja það sérstaklega og tilgreina tengilið við Háskólann á Akureyri (sbr 9. gr. reglna nr 701 / 2018).</p>	
<p>Upplýsingar um doktorspróf aðalleiðbeinanda eða rökstuðningur fyrir hæfi ef ekki með doktorspróf (hámark 100 orð)</p>	<p>Gert er ráð fyrir að aðalleiðbeinandi hafi doktorsgráðu á sviði sem tengist verkefni doktorsverkefni umsækjanda.</p> <p>Þrátt fyrir almenna kröfu um doktorspróf aðalleiðbeinanda getur komið til greina að skipa reyndan fræðimann án doktorsgráðu sem aðalleiðbeinanda hafi hann birt talsvert á alþjóðlegum vettvangi og áður leiðbeint doktorsnemunum á sviði doktorsverkefnisins.</p>
<p>reynsla sem leiðbeinandi doktorsnema (fjöldi núverandi og fyrrverandi nema, háskólar og svið)</p>	<p>Gert er ráð fyrir því að aðalleiðbeinandi hafi fyrri reynslu af setu í doktorsnefndum, þ.e. reynslu sem leiðbeinandi.</p> <p>Það er mikilvægt að aðalleiðbeinandi hafi nægilegan tíma fyrir hvern doktorsnema en þess vegna þarf að gera grein fyrir fjölda núverandi doktorsnema hans.</p>
<p>reynsla sem leiðbeinandi <u>meistar</u>nema (fjöldi núverandi og fyrrverandi nema, háskólar og svið)</p>	<p>Hafi fyrirhugaður aðalleiðbeinandi takmarkaða reynslu sem leiðbeinandi doktorsnema getur hann samt verið með umtalsverða reynslu sem leiðbeinandi meistaranema. Þá þarf að lýsa þessari reynslu með tilliti til doktorsverkefnis umsækjanda.</p>
<p>ritvirkni, virkni í erlendum og innlendum rannsóknarhópum í tengslum við svið verkefnis umsækjanda og annað erlent og innlent rannsóknarsamstarf</p>	<p>Til þess að meta hvort fyrirhugaður aðalleiðbeinandi sé virkur sérfræðingur á sviði doktorsverkefnis umsækjanda þarf að lýsa ritvirkni og þátttöku í alþjóðlegu fræðasamfélagi út frá sjónarhorni viðfangsefnis umsækjanda.</p>
<p>lýsing á fyrirhugaðri starfsaðstöðu aðalleiðbeinanda og doktorsnema</p>	<p>Aðalleiðbeinandi verður umsjónarkennari doktorsnáms og í allflestum tilfellum helsti vinnufélagi umsækjanda. Því er nauðsynlegt að fyrirhugaður aðalleiðbeinandi hafi gert ráðstafanir varðandi aðstöðu umsækjanda á þeim vinnustað og í því vísindasamfélagi sem umsækjandi á eftir að verða hluti af. Er hér annars vegar um að ræða atriði eins og skrifstofurými og aðgang að tilraunastofum, bókasafnsþjónustu, tölvuaðstoð, mötuneyti og fleiru þess háttar. Hins vegar er um að ræða reglubundinn aðgang að leiðbeinendum og öðrum aðilum í vísindasamfélaginu á háskólasvæðinu og á alþjóðlegu plani.</p>

### REYNSLA OG HÆFI FYRIRHUGAÐRA MEÐLEIÐBEINENDA

reynsla og hæfi 1.–4.  
meðleiðbeinanda  
(hámark 100 orð hvert)

Færið rök fyrir hæfi hvers og eins meðleiðbeinanda út frá eftirfarandi viðmiðum:

- akademísk staða og hæfi á sviði doktorsverkefnisins
- leiðbeinandareynsla (fjöldi og tegund)
- ritvirkni á sviði doktorsverkefnisins
- virkni í erlendum og innlendum rannsóknarhópum
- alþjóðleg virkni á sviði doktorsverkefnisins

## RANNSÓKNARÁÆTLUN

Letur Calibri 12, línubil 1,5. Umfang rannsóknaráætlunar 10–15 bls.

Rannsóknaráætlun umsækjanda skiptist í eftirfarandi kafla og skal rituð á ensku (með íslenski þýðingu ef við á):

- I. **Ágrip** (Abstract) – Yfirskrift / heiti verkefnis, nafn umsækjanda, dagsetning og stutt samantekt (0,5–1 bls.).
- II. **Bakgrunnur** – staða þekkingar og vísindalegt gildi verkefnisins í heild sinni (2–4 bls.).
- III. **Markmið** og rannsóknaspurningar (ef við á) verkefnisins og tengsl þess við heildarverkefni rannsóknarteymisins, ef við á (1–2 bls.).
- IV. **Áætlaðar birtingar** – (a) lýsing á vörðum verkefnisins og áætluðum greinum í ritrýndum alþjóðlegum fagtímaritum eða (b) ef um doktorsritgerð í formi einnar ritsmíðar er að ræða skal geta þess viðurkennda forlags sem áætlað er að senda doktorsritgerðina til birtingar (sbr. 13. gr. reglna nr 701/2018) (0,5–1 bls.).
- V. **Framkvæmd verkefnisins** – Lýsing á áætlaðri framkvæmd rannsóknarverkefnisins, þáttur doktorsnemans í verkefninu (sbr. „að doktorsnemar öðlist þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að stunda sjálfstæð vísindastörf og afla sér nýrrar þekkingar“ 1. gr. reglna nr 701/2018), aðstaða fyrir doktorsnema og leiðbeinanda, aðferðir sem áætlað er að beita, skýr tímaáætlun með vörðum verkefnisins (sbr. „áætlaðar birtingar“) og þáttur samstarfsaðila innan og utan rannsóknarteymis ef við á (2–3 bls.).
- VI. **Verkaskipting rannsakennda** – Lýsing á áætlaðri verkaskiptingu og vísindalegri ábyrgð milli doktorsnemans, aðalleiðbeinanda og annarra leiðbeinenda ásamt öðrum meðlimum í rannsóknarteymi, þar sem fram kemur hvert sé áætlað hlutverk doktorsnemans í verkefninu.
- VII. **Siðfræðileg álitamál** – Lýsing á formlegum leyfum, þáttum sem varða persónuvernd, meðhöndlun gagna, samskiptum við utanaðkomandi aðila og öðrum siðfræðilegum spurningum sem við eiga.
- VIII. **Áhættuþættir verkefnisins** – Lýsing á þeim áhættuþáttum sem valdið geta því að rannsóknarverkefnið nái ekki markmiðum sínum, t.d. ef gögn eldast á úrvinnslutímanum.
- IX. **Heimildaskrá** – heimildir sem getið er beinlínis í textanum (en ekki upptalning allra hugsanlegra heimilda).